



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 30. maí 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Leiðrétting sveitarstjórnar á kjörskrá, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 5/1998

a. Ósk Davíðs B. Björgvinssonar um að vera tekin á kjörskrá sbr. tölvubréf hans 28. maí 2014

Fyrir fundinum lá tölvubréf Davíðs Braga Björgvinssonar, kt. 300481-3459, dags. 28. maí 2014, sem óskar eftir að vera tekinn á kjörskrá fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar 31. maí nk. Meðfylgjandi bréfi hans var staðfesting á að hann sé nemi við viðskiptaháskólann í Tromsö í Noregi.

Í samræmi við fyrri framkvæmd sveitarstjórnakosninga eru Íslendingar á aldrinum 18 - 28 ára sem eru með lögheimili á Norðurlöndunum skráðir á kjörskrárstofn í því sveitarfélagi þar sem þeir áttu síðast lögheimili hér á landi.

Einstaklingar í námi á Norðurlöndum eldri en 28 ára þurfa að færa sönnur fyrir því að þeir séu í námi með því að senda viðkomandi sveitarfélagi staðfestingu á skólavist t.d. vottorð, ljósrit af skólaskírteini eða annað slíkt.

Samkvæmt 10. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 hafa sveitarstjórnir heimild til þess að taka ákvarðanir um að bæta einstaklingi inn á kjörskrá, hafi viðkomandi rétt til þess lögum samkvæmt eða eins og í þessu tilfelli hafi sýnt fram á fullnægjandi gögn.

Sveitarstjórn samþykkti þá leiðréttingu á kjörskrá sem lá fyrir fundi 19. maí sl. að Davíð Bragi Björgvinsson skuli tekinn á kjörskrá. Leiðréttingin verði þannig gerð að nafn Davíðs verði ritað á milli lína íbúa Suðurvegur 18 þar sem síðasta skráða lögheimili Davíðs var hér á landi.

b. Bókun um að Ásdís Adda Ólafsdóttir verði tekin á kjörskrá skv. bréfi Þjóðskrár dags. 19. maí 2014

Fyrir fundinum lá bréf Þjóðskrár Íslands, dags. 19. maí 2014 þar sem fram kemur að nafn Ásdísar Öddu Ólafsdóttur, kt. 190987-2649, Danmörk, hafi fallið af kjörskrárstofni á viðmiðunardegi kjörskrár 10. maí 2014. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. og 5. gr. laga um kosningar sveitarstjórnar nr. 5/1998 eigi Ásdís Adda að vera á kjörskrá í Sveitarfélaginu Skagaströnd.



Sveitarstjórn samþykkti þá leiðréttingu á kjörskrá sem lá fyrir fundi 19. maí sl. að Ásdís Adda Ólafsdóttir skuli tekinn á kjörskrá. Leiðréttingin verði þannig gerð að nafn Ásdísar verði ritað á milli lína íbúa Hólabrautar 12, þar sem síðasta skráða lögheimili hennar var hér á landi.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 8.30

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir

Jensína Lýðsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson